

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Fjallabyggð.

Deiliskipulag hafnarsvæðis í Ólafsfirði – Ægisgata 6.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti 15. maí 2023 óverulega breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðis í Ólafsfirði. Breytingin varðar aðeins lóðina Ægisgötu 6 og felur í sér stækkun byggingarreits úr 21,4 m x 10 m í 22 m x 12 m, hámarksbyggingarmagn fer úr 200 fm í 260 fm og leyfilegur þakhalli breytist úr 30-35° í 0-35°.

Málsmeðferð var í samræmi við 2. og 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Fjallabyggð, 16. maí 2023.

Íris Stefánsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 1. júní 2023